

22.12. 2022

Til Skipulagsdeildar Kópavogsbæjar


Hér með sendum við formlegt ósk um að erindi okkar til Kópavogsbæjar um byggingu aukahúss á landi okkar, Gilsbakka, 203 Kópavogi sbr. afgreiðslu bæjarráðs (þann 27. september 2022)) svo og samskipta okkar við fulltrúa bæjarins í viðeigandi deildum Umhverfissviðs.

Við vísum til greinargerðar í erindi okkar sem fylgir afgreiðslu Skipulagsráðs og Minnisblað Skipulagsdeildar dags. 15. september 2022.

<https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/skipulagsrad/3410>

Stærð eignarlandsins Gilsbakka er 3.000 m² í þjóðskrá og í afsölum. Mæld stærð innan girðingar er 2625.4 m².

Nú er á landinu einbýlishús sem byggt var í þremur hlutum á yfir 50 árum, alls 175,7 m². Hluti þess er niðurgraffinn kjallari, 20,1 m² þannig að flatarmál án kjallara er 155,6 m². Auk þess er á landsvæðinu gamall skúr, ca 15 m² sbr. eftirfarandi mynd af kortaveg.



Hugmynd okkar er að skúrin verði rifinn og óræktarsvæði næst reiðstíg/götunni verði hreinsað burtu. Þar kjósum við að setja upp aukahús og staðsetja þar til að hlífa hinni gömlu skógrækt sbr. myndina.

Stærð aukahúss er skv. meðfylgjandi teikningu 106,9 m² og rúmar góða gestaíbúð/fjölskylduíbúð og tvö vinnuherbergi. Breytingin frá upphaflegri umsókn okkar er að hætta við bílskúr í ljósi þess hvað rúmaðist innan þeirra m² sem við vorum upphaflega með í huga, þ.e. 85-100 m². Þar sem hér búa fleiri kynslóðir saman, töldum við mikilvægt að aukahúsið væri sveigjanlegt í notkun til framtíðar.

Í meðfylgjandi teikningu er búið að bregðast við ábendingum í fyrrgreindu minnisblaði Skipulagsdeildar og færa bílastæði inn á lóðina og færa húsið innar á lóðina (1 metra frá landamerkjum við götu en 4,5 metra frá reiðvegi til að vernda gamla röð hávaxinna grenitrjáa.

Bestu kveður, Margrét Pála Ólafsdóttir og Lilja Sigurðardóttir